

Jólaljósin

Nú í skammdeginu er fátt meira upplífandi en að sjá allar þær tegundir jólaljósa sem fjölga sífelld með hverju árinu. Ekki veit ég hvernig sá siður komst á að hafa jólaljós á svölum eða í gluggum en síðan ég man fyrst eftir mér sem smápolli austur á fjörðum uppúr 1960 þá lifa þau í minningunni. Fjölbreytni þeirra var ekki mikil á þeim tíma og algengast var að venjulegar 25-40 W ljósaperur voru handmálaðar og settar í seríu utan á svalir eða á þakkanta húsa. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og nú eru fluttir inn margir gámar af mismunandi jólaseríum frá Kína, Singapore og Tælandi. Gæði þessara jólasería eru oft þannig að það má henda þeim eftir eins til tveggja ára notkun og er verðið í fullu samræmi við þá endingu. Að ætla sér að fara að gera við jólaseríu sem kostar 500 til 1000 krónur er í flestum tilfellum ekki þess virði og hvernig á sá sem ekki þekkir muninn á 12, 24, 48 eða 230 Volta perum að geta gert við þær og ég tala nú ekki um þegar allar perurnar líta nánast alveg eins út.

Ég slapp ekki alveg þetta árið að setja upp jólaljósin en hingað til hafa kona mín og dóttir séð um að koma þeim fyrir. Ástæðan var að við höfðum keypt vandaða 230 V útljósaseríu fyrir þremur árum og nú kviknaði ekki á henni því tvær perur voru brotnar. Konan fór í Húsasmiðjuna og keypti “alveg eins”



perur og nú var komið að mér að ná brotunum úr fattningunum og sjá til þess að allt væri í lagi. Eftir að hafa komið nýju perunum fyrir þá stakk ég í samband og “púff”, ljós kviknaði brot úr millisekúndu og síðan ekki meir. Þá fyrst datt mér í hug að lesa á umbúðirnar og þar stóð 35 perur, 24 Volt en jólaserían mín átti að vera fyrir 230 Volt og ég taldi ekki nema 20 perur á minni seríu. Þegar ég hafði sett upp gleraugun og fór að rýna hvað stæði á perunum sjálfum þá stóð 24V/3W á nýju perunum en 14V/5W á gömlu perunum !! Þarna skiptir að sjálfsögðu máli hvort perurnar eru hliðtengdar, eins og 24 Volta perurnar, eða raðtengdar eins og 14 Volta perurnar (20 perur = 280 Volt) en hvernig átti konan að vita það, “ekki er hún útlærður rafvirk og perurnar voru alveg eins”. Nú var komið að mér að fara í Húsasmiðjuna og kaupa réttu perurnar og þar hitti ég starfsmann sem tjáði mér að það væri ekki óalgengt fólk kæmi til að skila “gölluðum” perum og vildi ekkert hlusta á einhverja upptalningu á Voltum, Wöttum eða Amperum. Ég greip tækifærið og keypti “ljósaprófarann” fjölnota undratæki sem sýnir meðal annars hvort perur eru í lagi, hvort vírin er heill eða spenna er í tenglinum og hugsaði gott til glóðarinnar að geta kennt konunni að bjarga sér við uppsetningu jólasería. Ekki þarf að orðlengja viðtökurnar, jafnvel þótt leiðbeiningarnar væru á íslensku var ekki á henni að skilja að henni kæmi þetta neitt við og láti henni hver sem vill.

Það verður ekki of oft brýnt fyrir fólki að reyna ekki að gera við jólaseríur með brotnum fattningum eða þar sem einangrunin er farinn af vrunum. Þetta á sérstaklega við um seríur sem ekki hafa spennubreyti og er stungið beint í samband við 230 Volta tengil. Kaupið nýja seríu eða leitið til fagmanns og ef það kemur ekki í ljós fyrir en jólatréð er skreytt á Þorláksmessu að seríurnar eru bilaðar þá er fátt annað til ráða en að bíða þar til búðir opna ef þið þekkið ekki rafvirkja sem hefur ekkert annað að gera en að heimsækja ykkur á Þorláksmessu eða snemma á aðfangadagsmorgun. Munið samt að prófa seríurnar áður en þær eru settar á jólatréð því fátt er leiðinlegra en að fjarlægja bilaða seríu af skreyttu tré.



Undanfarin ár hafa ljósslöngur og ljósleiðarar rutt sér til rúms í jólaskreytingum. Ljósslöngurnar eru með mörgum smáperum þræddar í slönguna og þóttu mjög fínar til að byrja með en eftir að farið var að nota þær við ólíklegustu tækifæri allt árið um kring hefur nýjabrumið farið dálítið af þeim. Þær sóma sér þó mjög vel þar sem þær eru notaðar í bland með öðrum

skreytingum og mér finnst þær koma einstaklega vel út þar sem þær eru notaðar til að teikna útlínur húsa. Ljósleiðararnir eru tengdir svokallaðri “ljósavél” þar sem pera lýsir inn í endann á þeim og á milli þeirra og ljósleiðara er oft komið fyrir litahjóli sem snýst í hringi þannig að ljósleiðarinn skiptir litum. Nú má sjá talsvert af ljósleiðurum á jólatréjum, í runnum og á fleiri stöðum og hefur fyrirtækið Dengsi ehf. verið þar fremst í flokki við að innleiða notkun þeirra. Ljósleiðara má nota á fleiri vegu og mun ég koma síðar að því.

Stundum hefur verið rætt um að fólk fari offari við skreytingar á húsum sínum og gördum en fátt er notalegra en að keyra fram hjá slíkum húsum og virða fyrir sér skreytingarnar og hugmyndaauðgi þeirra sem dunda við að koma þeim fyrir. Jólaljósin eru nauðsynleg og auðveldi okkur lífið í skammdeginu og það er gott að til eru menn sem hafa að áhugamáli að skreyta húsin sín í jólamánuðinum til að létta okkur hinum lífið eða eins og ég heyrði einn af þeim segja í útvarpsviðtali á dögunum að hann slepti frekar laxveiðinni til að geta stundað þetta áhugamál sitt.

Guðjón L. Sigurðsson,
rafmagnsiðnfræðingur á verkfræðistofunni Rafteikningu hf.

